



Bergþór Ólason, alþm.

Reykjavík, 15. apríl 2019

Líkt og fram hefur komið í fyrri bréfaskrifum hefur forsætisnefnd Alþingis borist erindi átta þingmanna, dags. 3. desember 2018, um meint brot þín og þingmannanna Önnu Kolbrúnar Árnadóttur (AKÁ), Gunnars Braga Sveinssonar (GBS), Karls Gauta Hjaltasonar (KGH), Ólafs Ísleifssonar (ÓÍ) og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (SDG), á siðareglum fyrir alþingismenn. Lýtur erindið að því að þú hafir á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 rætt „um aðra þingmenn og fleira fólk með ósæmilegum og niðrandi hætti eins og greint [hafir] verið frá í fjölmiðlum“. Vísað er til þess að erindið snúist um að forsætisnefnd fjalli um hvort innihald og efni samtala þingmannanna sem tekin voru upp af öðrum gestum, dreift til fjölmiðla og hafa verið gerð opinber, „brjótí í bága við siðareglur alþingismanna“.

Með bréfi þessu er ætlunin að kynna hvernig forsætisnefnd hyggst afmarka grundvöll málsins, sbr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn (málsmeðferðarreglur) og gefa þér á þeim grundvelli kost á að skýra afstöðu þína til málsins og koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum, sbr. 2. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 2. másl. 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglna. Að fengnum skýringum þínum mun forsætisnefnd meta sjálfstætt hvort tilefni sé til þess að óska álits siðanefndar, sbr. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 1. mgr. 4. gr. málsmeðferðarreglna.

### 1. Málsmeðferð og samskipti.

Með bréfi 7. varaforseta, dags. 24. janúar sl., var þér tilkynnt að hún og 8. varaforseti hefðu tekið við meðferð erindis um mögulegt brot á siðareglum þar sem forseti Alþingis og varaforsetar höfðu sagt sig frá málinu. Var þér gefinn kostur á að setja fram athugasemdir við málsmeðferðina. Með tölvupósti 1. febrúar 2019 gerðir þú ásamt AKÁ, GBS og SDG athugasemdir við það að málinu skyldi framhaldið og grundvöll þeirrar ákvörðunar og kröfðust þess að fá afhent öll gögn málsins. Var því erindi svarað með bréfi 7. varaforseta, dags. 4. febrúar sl., og upplýst að forsætisnefnd hefði ákveðið að leita álits siðanefndar skv. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn á gildissviði siðareglanna. Með bréfinu fylgdi uppritun á hljóðupptökum frá veitingastofunni Klaustri 20. nóvember. Áður höfðu önnur gögn málsins verið send

með bréfi forseta Alþingis, dags. 21. janúar sl., þ.e. fundargerðir funda forsætisnefndar og samantekt fréttumfjöllunar.

Með bréfi 7. varaforseta til þín og AKÁ, GBS og SDG, dags. 7. febrúar sl., var leitað sjónarmiða um hæfi nefndarmanna í siðanefnd og forsætisnefnd. Var því erindi svarað með bréfi ykkar AKÁ, GBS og SDG til 7. varaforseta, dags. 14. febrúar sl. Var þar vísað til friðhelgi einkalífs, þess að 7. og 8. varaforseti hefðu verið kosnir í andstöðu við lög, þess að málareksturinn væri pólitísk tækifærismennska, vanhæfis 7. varaforseta til að fara með málið sem og siðanefndar og skrifstofustjóra Alþingis, brota á andmælarétti málsaðila og rangfærslna í uppritun hljóðupptaka. Með bréfi 7. varaforseta, dags. 21. febrúar sl., var leitast við að svara þeim efnisatriðum er fram komu í bréfi ykkar frá 14. febrúar sl. og veita upplýsingar um meðferð málsins.

Með bréfi frá 6. mars sl. tilkynnti 7. varaforseti um tafir á niðurstöðu siðanefndar um gildissvið siðareglna. Þann 25. mars sl. barst niðurstaða siðanefndar forsætisnefnd og var hún send þér samdægurs og veittur frestur til að bregðast við álitinu. Sá frestur var framlengdur með tölvupósti, dags. 26. mars sl. Í tölvupósti til 7. og 8. varaforseta 1. apríl sl. var bréf lögmanns ykkar AKÁ, GBS og SDG til Persónuverndar sent forsætisnefnd til upplýsinga og fyllingar málsatvikum.

## 2. Um gildissvið siðareglna fyrir alþingismenn og álit siðanefndar.

Með bréfi, dags. 4. febrúar sl., óskaði forsætisnefnd Alþingis eftir álitu siðanefndar, sbr. 3. máls. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 2. mgr. 4. gr. málsmeðferðareglna, á því hvort háttarni þitt og umræddra þingmanna á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018 félli undir opinbera framgöngu þína og snerti skyldur ykkar sem þjóðkjörinna fulltrúa, sbr. 2. gr. siðareglanna. Álit siðanefndarinnar barst forsætisnefnd með bréfi formanns nefndarinnar 25. mars sl.

Við afmörkun þess álitaefnis hvort siðareglur fyrir alþingismenn ættu við um úrlausnarefnið tók nefndin fram að slíkt réðist „af því hvort um „opinbera framgöngu“ í skilningi reglnanna [væri] að ræða. Sömu leiðis [ráðist] það af inntaki þess að reglurnar „taki til starfa“ alþingismanna, feli í sér „viðmið um háttarni þeirra“, „snerti skyldur þeirra“ og „leiði af hlutverki þeirra“ sem þjóðkjörinna fulltrúa“.

Eftir að hafa rakið nánar sjónarmið er lúta að hlutverki þjóðkjörinna fulltrúa og viðmið um háttarni þeirra við opinbera framgöngu í skilningi siðareglna, skýringargögn við ályktun Alþingis um siðareglur fyrir alþingismenn og um breytingu á þeim, benti meiri hluti siðanefndarinnar á að hugtakið *opinber framgöngu* væri þríþætt. „Í fyrsta lagi vísi það til háttarnis sem fram fari á opinberum vettvangi. Í öðru lagi, með hliðsjón af tilvísun 1. og 2. gr. reglnanna til alþingismanna og þjóðkjörinna fulltrúa, hafi það skírskotun til stöðu þingmanna sem opinberra persóna. Í þriðja lagi vísi það til þess að háttarnið varði almennung, þ.e. sé opinbert málefni.“ Í niðurstöðu álitsins er komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Staða þingmanna sem þjóðkjörinna fulltrúa skiptir máli við mat á því hvort siðareglur alþingismanna gildi um það háttarni sem erindi forsætisnefndar lýtur að. Alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi. Sem slíkir

njóta þeir sérstakra réttinda og bera skyldur umfram aðra, þar á meðal þær sem þeir hafa sett sér í siðareglum sínum. Meiri hluti siðanefndar lítur svo á að háttsemiskröfur siðareglanna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Þær taki ekki aðeins til eiginlegra starfa þingmanna heldur geti þær gilt um aðra hegðun eða háttarni, innan sem utan Alþingis, sem leiða megi af hlutverki þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa.

Siðareglur alþingismanna gilda um opinbera framgöngu alþingismanna. Meiri hluti siðanefndar lítur svo á að mat á því hvort tiltekin háttsemi falli undir gildissvið siðareglanna snúist um það hvort um framgöngu opinberra persóna á opinberum stað sé að ræða og að hún varði almenning. Það er mat meiri hluta siðanefndar að allir framangreindir þættir eigi við um þá háttsemi sem forsætisnefnd vísar til í erindi sínu. Alþingismenn eru opinberar persónur, sú háttsemi sem um ræðir átti sér stað á opinberum vettvangi og tengist málum sem hafa verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Þar sem háttarnið varðar almenning verður ekki litið á þau atvik sem hér um ræðir sem einkasamtal.

Meiri hluti siðanefndar vill áréttta að með þessu er ekki veitt álit á því hvort um brot á siðareglum er að ræða.

**Í ljósi þess sem að framan er rakið er það niðurstaða meiri hluta siðanefndar að háttarnið sem erindi forsætisnefndar lýtur að falli undir gildissvið siðareglna.**

Í niðurstöðu minni hluta siðanefndar er vakin athygli á ákveðnum efasemdum um gildissviðsákvæði siðareglanna en þær þó ekki taldar nægilega sterkar til að hafna niðurstöðu meiri hlutans.

Með bréfi, dags. 25. mars sl., var þér kynnt álit siðanefndarinnar og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum þínum við álitnið. Í tölvupósti til 7. og 8. varaforseta 1. apríl sl., sem áður er getið, var bréf lögmanns ykkar AKÁ, GBS og SDG til Persónuverndar sent til upplýsinga og fyllingar málsatvikum.

Forsætisnefnd hefur kynnt sér og ígrundað álit siðanefndar og athugasemdir þínar af því tilefni og telur rétt að leggja til grundvallar niðurstöðu meiri hluta siðanefndar um að háttarni sex þingmanna á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember sl. falli undir gildissvið siðareglna.

Forsætisnefnd vill áréttta að málið lýtur að mögulegum brotum á siðareglum fyrir alþingismenn. Meðferð málsins af hálfu forsætisnefndar er því óháð þeim þáttum málsins, sem kunna að varða möguleg brot á lagareglum, sem heyra undir önnur stjórnvöld, þ.m.t. Persónuvernd.

### **3. Um grundvöll málsins.**

Ákvæði málsmeðferðarreglna gera ráð fyrir að sé máli ekki vísað frá eða fellt niður að skýringum þingmanns, sbr. 6. og 7. gr. reglnanna, fari um framhald þess skv.

8. gr. málsmeðferðarreglna, þ.e. að mál gefi að mati forsætisnefndar tilefni til nánari athugunar. Ákvæði 8. gr. er svohljóðandi:

Telji forsætisnefnd Alþingis að mál sé þannig vaxið að það gefi tilefni til nánari athugunar, og að því verði ekki lokið skv. 6. og 7. gr., skal nefndin, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, afmarka nánar þá háttsemi sem þingmaður er sakaður um og með hvaða hætti hún getur talist fela í sér brot á meginreglum um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna, sbr. 6.–15. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Á þeim grundvelli leitar forsætisnefnd skýringa þingmannsins og að þeim fengnum lætur hún í té álit sitt á því hvort athafnir þingmanns brjóti í bága við meginreglur um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna.

Forsætisnefnd tilkynnir þingmanni þeim sem í hlut á um niðurstöðu sína og ákveður, ef ástæða þykir til og hún er einhuga um, hvort birta skuli niðurstöðuna.

Þingmaður, sem hlut á að máli, getur ávallt krafist þess að mál sem hann varðar verði lagt fyrir siðanefndina og að álit hennar um mál hans verði birt á vef Alþingis.

Af 88. gr. þingskapa og 3. mgr. 18. gr. siðareglna leiðir að það er forsætisnefnd sem fjallar um mál, sem varða siðareglurnar, framkvæmd þeirra og brot á þeim, sbr. enn fremur 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglna hér á undan. Er forsætisnefnd þar ekki bundin af því erindi sem fyrir liggur í málinu. Sú skylda hvílir því á forsætisnefnd að afmarka grundvöll málsins gagnvart þeim þingmanni sem erindið beinist að. Í því felst nánar að lýsa málavöxtum að því marki sem slíkt skiptir máli við afmörkun á hátterni þingmannsins og með hliðsjón af þeim lýsingum hvort hátternið geti falið í sér brot á tilgreindum ákvæðum siðareglanna. Í samræmi við orðalag erindisins, dags. 3. desember 2018, byggir forsætisnefnd mál þetta á umfjöllun fjölmiðla eins og rakið er í næstu köflum.

#### 4. Málavextir.

Miðvikudaginn 28. nóvember 2018, kl. 18:30, hóf vefútgáfa vikublaðsins DV umfjöllun um hátterni þitt og AKÁ, GBS, KGH, ÓÍ og SDG á veitingastofunni Klaustri 20. nóvember 2018, byggða á hljóðupptökum af samtölum ykkar. Skömmu síðar, kl. 19:;10 sama dag, hóf vefútgáfa vikublaðsins Stundarinnar umfjöllun sína byggða á hljóðupptökum af samtölum ykkar. Umfangsmikil umfjöllun varð um málið sama dag og næstu daga í þessum sem og í öðrum fjölmiðlum. Er þar almennt vísað til hljóðupptaka sem borist hefðu Stundinni og DV frá ónafngreindum einstaklingi, sem síðar kom fram undir nafni 7. desember 2018. Í umfjöllun miðlanna eru ýmist tekin beint upp ummæli ykkar, lýst efni samtalanna, þátttöku þinni í þeim og þeirra sem viðstaddir voru og greint frá viðbrögðum þínum og umræddra þingmanna. Vefritið Kvennablaðið hefur í umfjöllun sinni einnig tekið beint upp og rakið ummæli þín og annarra þingmanna umrætt sinn í útgáfum sínum 29. nóvember til 7. desember sl. Í umfjöllun annarra fjölmiðla er einnig greint frá viðbrögðum einstaklinga sem fjallað er um á upptökunum og leitað ális annarra stjórnámálanna og fræðimanna á

hátterni þínu og umræddra þingmanna. Með bréfi þessu fylgja útprentaðar umfjallanir fjölmiðla, sem vísað er til í bréfi þessu.

Eins og áður segir byggir umfjöllun fjölmiðlanna á áðurnefndum hljóðupptökum. Um er að ræða sjö hljóðskrár sem samanlagt eru þrjár klukkustundir 42 mínútur og 55 sekúndur. Ekki kemur fram hvenær upptökurnar hefjist eða ástæða þess að þær eru í sjö skrár. Ekki er hægt að fullyrða að þær taki hver við af annarri og geymi þannig samfellda upptöku. Þá kemur ekki heldur fram hvenær þeim ljúki. Í lok VI. hljóðskrár, kemur fram að KGH ásamt ÓÍ, yfirgefa veitingastofuna Klaustur, en eftir sitji þú, GBS og SDG. Einnig má ráða að AKÁ yfirgefi staðinn á sama tíma og KGH og ÓÍ.

Skrifstofa Alþingis hefur látið vélrita upp upptökurnar og voru þær afhentar þér með bréfi, dags. 4. febrúar 2019. Í tilefni athugasemda við uppritunina var hún yfirfarin á ný. Sú yfirferð leiddi ekki til efnisbreytinga á uppritun hljóðupptakanna nema að einu leyti er varðar tiltekin ummæli þín og rakið verður hér síðar. Lýsing á málavöxtum byggir á umfjöllun í vefútgáfu vikublaðsins Stundarinnar, vefútgáfu vikublaðsins DV og vefritinu Kvinnablaðið, nema annars sé getið. Hljóðupptökurnar sem slíkar eru ekki lagðar til grundvallar við afmörkun málsins. Uppritun þeirra þjónar þeim eina tilgangi að sannreyna hvort við umfjöllun fjölmiðla um einstök ummæli sé vikið efnislega frá hljóðupptökunni.

Til viðbótar við framangreint liggur fyrir að í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, 19. desember 2018 í máli nr. V-17/2018, þar sem fjallað var um kröfu ykkar AKÁ, GBS og SDG á hendur BH, um að fram fari vitnaleiðslur og öflun sýnilegra sönnunargagna um atvik sem urðu 20. nóvember 2018 á veitingastofunni Klaustri, er rakið að í kröfu ykkar komi fram að þið hafið setið á veitingastofunni „á bilinu frá 18:45, 20. nóvember sl. til 01:00 aðfaranótt 21. nóvember“. Þann 20. nóvember sl. var þingfundi slitið kl. 21:36. Ljóst er að á veitingastofunni Klaustri sátu þáverandi formaður og varaformaður þingflokks Flokks Fólksins og formaður, varaformaður og ritari þingflokks Miðflokksins auk formanns flokksins. Af umfjöllun Kvinnablaðsins 30. nóvember 2018 „*Spillingin heitir tryggð*“<sup>1</sup>, þar sem rakin eru ummæli á hljóðskrár I-VI, má ráða að meginefni umræðunnar hafi snúist um að fá Karl Gauta Hjaltason og Ólaf Ísleifsson til liðs við þingflokk Miðflokksins.

## 5. Meint framganga þín með vísan til siðareglna.

Í máli þínu reynir annars vegar á hvort einstök ummæli, sem eftir þér hafa verið höfð í fjölmiðlum, hafi mögulega falið í sér brot á siðareglum fyrir alþingismenn, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., 7. gr. og 8. gr. reglnanna. Hins vegar hvort þú hafir, með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, sem mögulega teljast brot á siðareglunum, ekki sýnt frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglanna. Í þessum tilgangi verða hér á eftir fyrst rakin einstök ummæli þín eins og þau hafa birst í fjölmiðlum, því næst hvort þú hafir sýnt frumkvæði að stuðningi við siðareglurnar og að því búnu eru rakin

<sup>1</sup> <https://kvinnabladid.is/2018/11/30/spillingin-heitir-tryggd/>

tilvitnuð ákvæði siðareglna fyrir alþingismenn og á hvaða grundvelli háttarni þitt komi til nánari athugunar sem meint brot samkvæmt nefndum ákvæðum siðareglanna.

*Einstök ummæli.*

Í umfjöllun DV 29. nóvember sl., kl. 11:36, „Þingmenn hraunuðu yfir Pál Magnússon – Letingi sem verður fljótt atvinnulaus“<sup>2</sup> er vísað til ummæla þinna um Pál Magnússon, alþm. Ekki er ástæða til að rekja ummæli þín nánar. Með vísan til 1. másl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn er það mat forsætisnefndar að ummæli þín sem þar koma fram gefa ekki nægilegt tilefni til frekari athugunar á grundvelli siðareglna fyrir alþingismenn. Er þá lítið til þess að játa verður þingmönnum nokkuð rúmt svigrúm til þess að fjalla um pólitíska samherja og andstæðinga. Á hinn bóginn verður jafnframt að hafa í huga að siðareglur geta haft áhrif á hvernig slíkri tjáningu er komið á framfæri og sett þingmönnum skorður. Á það t.a.m. við um tjáningu eða ummæli um einstaklinga þegar þau lúta að kynferði þess sem um er rætt, atriðum sem varðað geta friðhelgi einkalífs eða teljast viðkvæmar persónuupplýsingar eða varða útlit eða fötlun þess sem í hlut á.

Forsætisnefnd telur rétt að taka til nánari athugunar eftirfarandi ummæli (feitletruð) sem hafa verið höfð eftir þér í fjölmiðlum og mál þetta varða:

- a. Í Stundinni 28. nóvember sl., kl. 19:05 „Þingmaður Miðflokksins kallar Ingu Sæland „húrrandi klikkaða kuntu““<sup>3</sup>, eru eftirfarandi ummæli höfð eftir þér:

„En þetta snýst allt um, og ég held við séum öll í þessum slag til að láta gott af okkur leiða, og það eru miklu meiri líkur til þess að það gerist undir merkjum Miðflokksins heldur en Flokks fólksins af því að þið eruð með þessa húrrandi klikkuðu kuntu sem formann Flokks fólksins, sem þið ráðið ekkert við. Þið ráðið ekkert við hana. Segið mér ef ég hef rangt fyrir mér. Ég mundi ekki ráða við hana, Sigmundur mundi ekki. Hún er fokking tryllt. Komið til okkar.“

- b. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember sl., kl. 12:14 „Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér“<sup>4</sup> eru m.a. rakin ummæli þín og GBS um samskipti ykkar við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Inn í þá umfjöllun koma einnig stutt ummæli frá SDG, KGH, ÓÍ og AKÁ. Samtalið er enn fremur rakið í Kvennablaðinu 29. nóvember sl., „Gunnar Bragi sagðist

<sup>2</sup> <https://www.dv.is/frettir/2018/11/29/leyniupptaka-thingmenn-hraunudu-yfir-pal-magnusson-letingi-sem-verdur-fljott-atvinnulaus/>

<sup>3</sup> <https://stundin.is/grein/7936/thingmadur-midflokksins-kallar-ingu-saeland-hurrandi-klikkada-kuntu-upptoku/>

<sup>4</sup> <https://stundin.is/grein/7946/haeddust-ad-metoo-sogum-og-sogdu-albertinu-hafa-reynt-ad-naudga-ser/>

myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig aðstæður“<sup>5</sup> Ummæli þín í frásögn Stundarinnar um Albertínu eru auðkennd sérstaklega:

„Við eigum sem sagt MeToo sögu,“ sagði Bergþór á einum tímapunkti í samtalinu.

„Léstu þig hafa það“ spurði einhver í kjölfarið

„Nei ég gerði það sem betur fer ekki,“ sagði Bergþór.

„Það voru ýmsir sem sögðu ‘take one for the team’ en Beggi var ekki til“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Ég var orðinn þreyttur á herrakvöldi Vestra,“ sagði Bergþór.

„Hversu hart gekk hún fram?“ var spurt í kjölfarið.

„Hún var að tosa buxurnar af hælunum á mér [...] Ég vakna úr nærbuxunum.“

...Í framhaldinu deildi Gunnar Bragi sinni sögu. „Það var svipað. Ég var nýlega orðinn ráðherra og þetta var í kringum kosningar, 2009-10 [...] Það er einhver hátíð í samkomuhúsinu í Hnífsdal. Ég mæti þarna sem frambjóðandi ásamt fleirum. Ég er allt í einu farinn að dansa við þessa stúlku [...] Ég sagði bara nei [...] en það var bara suðað. Þá var bara eins og einhver hefði verið líflátinn. Hún var brjáluð, hún trylltist, hún grenjaði og öskraði. Ég bara hugsaði, hvað, á ég að riða henni? Það var algjörlega kreisí.“

...

„Þetta er sú þingkona sem hélt lengstu MeToo ræðuna. Og við sátum bara „what the fuck is going on“,“ bætti Bergþór við.

„Þessir menn munu aldrei ná bata nema þeir opni sig, og það í opnuviðtali.“ sagði Sigmundur Davíð og uppskar hlátur.

„Það getur vel verið að við ákveðnar aðstæður, ég ætla ekki að segja hvað aðstæður, að ég þurfi að labba að henni og segja: Ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér?“ sagði Gunnar Bragi og aftur var hlegið.

„Ég mun segja, ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér í alvöru?“ bætti Bergþór við. [...].“

Ólafur Ísleifsson: „Þetta er rosaleg lífsreynsla, ha.“

Karl Gauti Hjaltason: „Ég hef aldrei heyrt annað eins.“

Sigmundur Davíð: „Þið sjáið það að þessir menn þurfa stuðning, skilning og stuðning.“

Þá hlógu viðstaddir.

Gunnar Bragi: „Fyrst og fremst áfengi!“

Sigmundur Davíð: „Já ég meina það er oft besta leiðin til að takast á við svona.“

Anna Kolbrún: „Það þarf að opna sig, Bergþór.“

Sigmundur Davíð: „Ef menn vilja vera með í nútímanum þá fara þeir í viðtal á DV.“

---

<sup>5</sup> <https://kvennabladid.is/2018/11/29/thingmadur-segist-myndu-saka-thingkonu-um-naudgunartilraun-ef-verda-thannig-adstaedur/>



- c. Í umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember sl., kl. 22:25 „Þingmenn úthúðuðu stjórnmálakonum: „Hún er miklu minna hot í ár““<sup>6</sup> er fjallað um eftirfarandi ummæli þín um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum:

„Gunnar Bragi: „Ég held reyndar að [...] geti verið helvíti öflug. Hún er helvíti sæt stelpa.“

[Sigmundur] Davíð: „Þetta er svona móment, ung kona, ungt fólk í Sjálfstæðisflokknum, lyftum henni.“

**Bergþór:** „Nú ætla ég að segja eitt sem er náttúrulega mjög dónalegt, en það fellur hratt á hana. Hún er miklu minna hot í ár en hún var bara fyrir tveimur árum síðan. Það er ótrúlegur munur.“

Sigmundur Davíð: „Og á þeim forsendum segi ég að hún hrynji niður listann.“

**Bergþór:** „Eðlilega.“

- d. Í umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember sl., kl. 15:29, „Vildu hefna sín á Lilju Alfreðsdóttur: „Hjólum í helvítis tikina!““<sup>7</sup> eru rakin ummæli þín um Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra. Jafnframt er að finna hlekk á hljóðupptökuna:

„Ég er búinn að láta þessa konu yrða á mig aftur og aftur,“ segir Sigmundur Davíð.

„Það hefur engin gugga teymt mig meira á asnaeyrunum en hún, sem ég hef ekki fengið að ríða,“ bætir Bergþór við og vísar þar líklega til Lilju. „Og hún hefur teygt ykkur miklu lengur. Ég er bara nýbúinn að kynnast henni. Þegar við hittumst í skötuveislunni fyrir nokkrum árum þá vissi ég ekki að hún væri til.“

- e. Í umfjöllun Stundarinnar 3. desember sl., kl. 19:00, „Þarna kom loksins skrokkur sem typpið á mér dugði í“<sup>8</sup> er vísað til eftirfarandi ummæla þinna um Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra:

„Þarna loksins kom skrokkur sem typpið á mér dugði í.“

Hvað varðar síðast greind ummæli þín í e-lið hér á undan stendur í uppritun hljóðupptakanna, sem var afhent þér 4. febrúar sl.: „Þarna loksins kom the skrokkur that fitted my duty, sko“. Eins og vikið var að hér að framan lét skrifstofa Alþingis yfirfara uppritunina í tilefni athugasemda KGH og ÓÍ við hana. Niðurstaða þeirrar yfirferðar var sú að umfjöllun fjölmiðla samrýmist hljóðupptökunni, sbr. einnig hljóðbrot sem finna má í umfjöllun Stundarinnar 3. desember sl. Í ljósi þess er það mat forsætisnefndar að fella tilvitnuð ummæli í e-lið undir afmörkun málsins. Í máli þínu er til athugunar hvort þú hafir með framangreindum ummælum, sbr. liði a-e sýnt

<sup>6</sup> <https://stundin.is/grein/7937/>

<sup>7</sup> <https://stundin.is/grein/7954/vildu-hefna-sin-lilju-alfredsdottur-hjolum-i-helvitis-tikina/>

<sup>8</sup> <https://stundin.is/grein/7988/tharna-loksins-kom-skrokkur-sem-typpid-mer-dugdi-i/>



háttarni sem geti verið andstætt c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., sbr. 7. gr. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

*Frumkvæði að stuðningi við siðareglur.*

Í máli þínu reynir enn fremur á hvort þú hafir með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, sem mögulega teljast andstæð siðareglum fyrir alþingismenn, ekki sýnt frumkvæði og fordæmi að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Þær umfjallanir fjölmiðla sem hér koma til skoðunar eru eftirfarandi:

- a. Umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember sl., kl. 19:05, „Þingmaður Miðflokksins kallar Ingu Sæland „húrrandi klikkaða kuntu““, er fjallað um Ingu Sæland. Sömu ummæli er einnig að finna í umfjöllun DV 28. nóvember sl., kl. 20:09, „Kölluðu Ingu Sæland klikkaða kuntu – „Hún getur grenjað um þetta, en getur ekki stjórnað““<sup>10</sup> og í Kvennablaðinu 3. desember sl., „Don't be an economic girlie man, sagði hann líka, sko!“<sup>11</sup>
- b. Umfjöllun Stundarinnar 29. nóvember sl., kl. 12:14, „Hæddust að #MeToo sögum og sögðu Albertínu hafa reynt að nauðga sér“<sup>12</sup> og rakin eru hér að framan, en þar eru rakin ummæli þín og GBS um samskipti ykkar við þingmanninn Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Sjá hér einnig umfjöllun um sömu ummæli í Kvennablaðinu 29. nóvember sl., „Gunnar Bragi sagðist myndu saka Albertínu um nauðgunartilraun ef „verða þannig aðstæður““<sup>13</sup> og í Kjarnanum 29. nóvember sl., „Albertína Friðbjörg segist kjaftstopp yfir lygasögum þingmanna um hana“<sup>14</sup> þar sem sömu ummæli eru tekin upp og rakin.
- c. Umfjöllun DV 29. nóvember sl., kl. 17:38, „Henni er ekki treystandi og hún spilar á karlmenn eins og kvenfólk kann“<sup>15</sup> og umfjöllun Stundarinnar 3. desember sl., kl. 19:00, „Þarna kom loksins skrokkur sem typpið á mér dugði í“<sup>16</sup>, þar sem rakin eru ummæli þín og GBS sem féllu um Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra.
- d. Umfjöllun DV 29. nóvember sl., kl. 13:11: „Hlustaðu á þingmenn gera grín að Freyju Haralds – Hermdi eftir sel“<sup>17</sup> þar sem rakin eru ummæli sem féllu um Freyju Haraldsdóttur.

<sup>9</sup> <https://stundin.is/grein/7936/thingmadur-midflokksins-kallar-ingu-saeland-hurrandi-klikkada-kuntu-upptoku/>

<sup>10</sup> <https://eyjan.dv.is/eyjan/2018/11/28/kolludu-ingu-saeland-klikkada-kuntu-hun-getur-grenjad-um-thetta-en-getur-ekki-stjornad/>

<sup>11</sup> <https://kvennabladid.is/2018/12/03/dont-be-an-economic-girlie-man-sagdi-hann-lika-sko/>

<sup>12</sup> <https://stundin.is/grein/7946/haeddust-ad-metoo-sogum-og-sogdu-albertinu-hafa-reynt-ad-naudga-ser/>

<sup>13</sup> <https://kvennabladid.is/2018/11/29/thingmadur-segist-myndu-saka-thingkonu-um-naudgunartilraun-ef-verda-thannig-adstaedur/>

<sup>14</sup> <https://kjarninn.is/frettir/2018-11-29-albertina-fridbjorg-segist-kjaftstopp-yfir-lygasogum-thingmanna-um-hana/>

<sup>15</sup> <https://www.dv.is/frettir/2018/11/29/menntamalaradherra-kollud-tik-klaustursfundinum-henni-er-ekki-treystandi-og-hun-spilar-karlmenn-eins-og-kvenfolk-kann/>

<sup>16</sup> <https://stundin.is/grein/7988/>

<sup>17</sup> <https://www.dv.is/frettir/2018/11/29/leyniupptaka-hlustadu-thingmenn-gera-grin-ad-freyju-haralds-hermdi-ef-tir-sel/>

- e. Umfjöllun Stundarinnar 28. nóvember sl., kl. 22:25, „Þingmenn úthúðuðu stjórnmálakonum: „Hún er miklu minna hot í ár““<sup>18</sup> þar sem rakin eru ummæli um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum.
- f. Umfjöllun Stundarinnar 3. desember sl., kl. 15:20, „Gunnar Bragi hafði heimilisofbeldi í flimtingum: „Já sundkellingin þarna, voruð þið að lemja hana? Hahaha!“<sup>19</sup> þar sem rakin eru ummæli um meint heimilisofbeldi fyrrverandi þingmanns.

Ekki liggur annað fyrir en að þú hafir verið viðstaddur þegar framangreind ummæli féllu á veitingastofunni Klaustri.

*Meint brot á siðareglum fyrir alþingismenn.*

Samkvæmt 6. gr. siðareglna fyrir alþingismenn koma meginreglur um hátterni þingmanna, sbr. 1. mgr. 5. gr. til sérstakrar athugunar þegar erindi berast um brot á siðareglum fyrir alþingismenn. Ákvæði 5. gr. siðareglnanna eru svohljóðandi:

5. gr.

Alþingismenn skulu sem þjóðkjörnir fulltrúar:

- a. rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika,
- b. taka ákvarðanir í almannabágu,
- c. ekki kasta rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni,
- d. leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbrigt starfsumhverfi innan þings sem utan og hvarvetna þar sem þeir sinna störfum sínum þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annarri vanvirðandi framkomu,
- e. nýta þá aðstöðu sem þeim er veitt við störf sín með ábyrgum hætti,
- f. ekki nýta opinbera stöðu sína til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðra,
- g. greina frá öllum hagsmunum sem máli skipta og varða opinbert starf þeirra og leggja sig fram um að leysa úr árekstrum sem upp kunna að koma með almannahag að leiðarljósi,
- h. efla og styðja grundvallarreglur þessar með því að sýna frumkvæði og fordæmi.

Við upphaf þingsetu sinnar skulu alþingismenn afhenda forseta Alþingis undirritaða yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér siðareglur þessar. Sama gildir um varaþingmenn.

Þær meginreglur sem einkum koma til skoðunar við mat á framangreindu hátterni þínu eru c-, d- og h-liður 1. mgr. 5. gr. sem og 7. og 8. gr. siðareglnanna sem hljóða þannig:

<sup>18</sup> <https://stundin.is/grein/7937/>

<sup>19</sup> <https://stundin.is/grein/7984/hofdu-heimilisofbeldi-i-flimtingum-ja-sunddrottninguna-vorudi-ad-lemja-hana-hahaha/>

7. gr.

Þingmenn skulu í öllu háttarni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu.

8. gr.

Þingmenn skulu ekki sýna öðrum þingmönnum, starfsmönnum þingsins eða gestum kynferðislega eða kynbundna áreitni, leggja þá í einelti eða koma fram við þá á annan vanvirðandi hátt.

Eins og rakið er í skýringum við 7. gr. siðareglanna býr sá tilgangur að baki ákvæðinu að vernda orðspor Alþingis. Er nefnt sem dæmi að þar geti fallið undir að kasta rýrð á Alþingi með „háttarni sem telst ósiðlegt eða ólögmaett eða er talið óviðeigandi af hálfu þingsins.“ Er í skýringunum vísað almennt til þess að um geti verið að ræða „framkomu sem er í andstöðu við skyldur þjóðkjörinna fulltrúa sem starfa í almannabágu. Hér undir getur til að mynda fallið ósæmileg framkoma eða endurtekin vanvirðing er lýtur að kynferði, kynþætti eða trúarbrögðum ...“. Við mat á því hvort háttarni geti talist andstætt 7. gr. geta því komið til álita viðmið um gott siðferði, sbr. meginreglur 1. mgr. 5. gr. siðareglna, og hvað skuli telja óviðeigandi af hálfu þingsins eða hvað teljist andstætt góðri reglu, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 73. gr. þingskapa Alþingis. Hvað varðar tilvísun til 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn er í greinargerð tekið fram að tilgangur þeirra breytinga sem fólust í ákvæðinu væri að fram kæmi „sú meginregla að þingmenn skuldbindi sig til þess að leggja sitt af mörkum til að skapa heilbriggt starfsumhverfi innan þings sem utan, sem sé laust við kynbundna og kynferðislega áreitni, einelti og aðra ótilhlýðilega framkomu. Jafnframt að það sé skylda hvers og eins þingmanns að hafna slíku háttarni“.

Hvað varðar einstök ummæli þín um Ingu Sæland alþm., Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur alþm, Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum og Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra, sem áður eru rakin (feitletruð), hefur forsætisnefnd til skoðunar hvort líta beri svo á að í þeim hafi annars vegar falist ósæmileg eða vanvirðandi háttarni eða tjáning, sem hafi tekið til kynferðis umræddra kvenna og að því er varðar Albertínu Friðbjörgu einnig tekið til viðkvæmra persónuupplýsinga um einkamál hennar, og hafi verið til þess fallin að skaða ímynd Alþingis, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, og verið andstæð þeim skyldum þjóðkjörinna fulltrúa að sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu, sbr. 7. gr. siðareglanna. Hins vegar hvort þú hafir með ummælum þínum sýnt af þér ósæmilega eða vanvirðandi framkomu gagnvart þeim einstaklingum sem ummælin vörðuðu sem um leið hafi ekki verið til þess fallin að stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi innan sem utan þings, sbr. d-lið 5. gr. og 8. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Að því er varðar það álitaefni hvort þú hafir ekki sýnt frumkvæði að stuðningi við siðareglur fyrir alþingismenn kemur að mati forsætisnefndar til skoðunar að líta á háttarni þitt sem meint brot á háttarnisskyldu 7. gr. siðareglanna og að þá komi til sérstakrar athugunar h-liður 1. mgr. 5. gr. reglnanna. Hefur forsætisnefnd þá í huga að alþingismenn gegna trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi og háttsemiskröfur

siðareglanna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Er þá horft til þess að þú hafir á meðan á þeim umræðum stóð, þar sem ummæli féllu sem vísað er til í stafliðum a-f-liðum hér að framan, mögulega sýnt af þér ósæmilega framkomu með því að láta hjá líða að hafa áhrif á framgang þeirra og þar með ekki sýnt frumkvæði og fordæmi við að stöðva þær eins og leiða má af h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglanna.

## 6. Óskað skýringa.

Það er mat forsætisnefndar að málavextir eins og þeir hafa verið raktir hér á undan gefi tilefni til nánari athugunar. Með vísan til 1. mgr. 8. gr. málmeðferðarreglna skal upplýst að forsætisnefnd hefur til skoðunar að fjalla um meint brot þitt á 7. og 8. gr. siðareglna, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. annars vegar og h-lið 1. mgr. 5. gr. reglnanna hins vegar. Með vísan til 2. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 2. másl. 1. mgr. 8. gr. málmeðferðarreglna er þess óskað að þú sendir forsætisnefnd skýringar þínar og athugasemdir við grundvöll málsins eins honum hefur verið lýst hér að framan. Er þess óskað að athugasemdir þínar berist forsætisnefnd eigi síðar en kl. 16 föstudaginn 3. maí nk. Að fengnum skýringum þínum mun forsætisnefnd meta sjálfstætt hvort tilefni sé til þess að óska álits siðanefndar, sbr. 1. mgr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 1. mgr. 4. gr. málmeðferðarreglna.

Hafir þú að öðru leyti athugasemdir við efni bréfs þessa eða upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir umfjöllun forsætisnefndar er þess óskað að þær berist nefndinni fyrir nefnt tímamark.

## 7. Um stöðu málsins og framhald.

Eins og rakið er hér að framan liggur fyrir álit siðanefndar um gildissvið siðareglna fyrir alþingismenn og afstaða forsætisnefndar til þess. Með bréfi þessu er þér gefinn kostur á að koma að skýringum þínum og upplýsingum um grundvöll málsins eins og hann hefur verið afmarkaður með hliðsjón af einstökum ummælum þínum og málavöxtum að öðru leyti, sbr. 8. gr. málmeðferðarreglna og 2. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Að fengnum skýringum þínum og upplýsingum mun forsætisnefnd taka afstöðu til svara þinna og meta hvort tilefni sé til þess að leita álits siðanefndar eða ljúka málinu þá þegar. Verði niðurstaðan að leita álits siðanefndar mun forsætisnefnd upplýsa þig um það. Að því búnu mun forsætisnefnd taka endanlega ákvörðun í málinu að fengnum athugasemdum þínum, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna. Til viðbótar því sem hér er rakið skal áréttað að þú átt ávallt kost, meðan mál þitt er til umfjöllunar hjá forsætisnefnd, að koma á framfæri sjónarmiðum þínum og upplýsingum, sbr. 3. mgr. 17. gr. siðareglanna. Um niðurstöðu álits forsætisnefndar, tilkynningu þess og birtingu, fer eftir 19. gr. siðareglanna.

Til viðbótar framangreindu vill forsætisnefnd upplýsa að með vísan til persónulegra ástæðna þarf Ásta R. Jóhannesdóttir að víkja tímabundið úr siðanefndinni. Varamaður hennar, Jón Kristjánsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, mun því taka sæti formanns í siðanefndinni komi til þess að málinu verði

vísað til hennar. Hafir þú athugasemdir við hæfi Jóns til setu í siðanefnd er þess óskað þær berist samhliða athugasemdum um afmörkun málsins.

Steinn Þ. Ám.